

# Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

## Kjarasamningur 1. nóvember 2014 til 31. október 2015

### 9. GREIN 2.1.6.2: SKIPTING VINNUTÍMA

Þeim tíma sem vantar upp á fulla vinnuskyldu skal varið til undirbúnings- og símenntunar að hámarki 150 klst., utan starfstíma skóla.

### 12. GREIN 13.4: STARFSMENNTUNARSJÓÐUR

Frá og með 1. nóvember 2014 skal greiða 1,72% af föstum dagvinnulaunum og stundakennaralaunum tónlistarskólakennara í nýjan starfsmenntunarsjóð Félags tónlistarskólakennara (FT) í stað greiðslu í eldri sjóð.

### 14. BÓKANIR

#### Bókun 1 um 0,1% iðgjald af heildarlaunum

Frá og með gildistöku samkomulags þessa verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt á sérstakan reikning þar til aðilar hafa komið sér saman um framtíðarráðstöfun þess.

#### Bókun 3 um starfsmenntunarsjóð

Aðilar eru sammála um að leita leiða til að slíta starfsmenntunarsjóði Félags tónlistarskólakennara í samræmi við samþykktir sjóðsins.

# Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

## Kjarasamningur 1. maí 2011 til 31. mars 2014

---

### INNGANGUR

---

Almennt markmið samningsaðila er að efla tónlistarskólann og möguleika hans til að þróast eftir aðstæðum á hverjum stað. Með kjarasamningum árið 2001 voru gerðar kerfisbreytingar sem ætlað var að efla tónlistarskólann og samhliða var stjórnkerfi tónlistarskóla styrkt. Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að nýr kjarasamningur styðji enn frekar við uppbyggingu á innra starfi skólanna með því að aðlaga fyrri kerfisbreytingar betur að þörfum skólanna og starfsemi þeirra.

Í þessu skyni eru gerðar nokkrar kerfisbreytingar á stjórnunarhluta samningsins, þ.e. á launakerfi skólastjóra og á fyrirkomulagi aukinnar stjórnunar við tónlistarskóla. Auk þess eru gerðar breytingar á fyrirkomulagi launapotts/viðbótarlauna og úrræðum fjölgað sem skólar hafa til að umbuna kennurum og til að bregðast við margbreytilegum aðstæðum og starfsumhverfi skóla. Sjálfstæði skóla og sveigjanleiki við skipulagningu skólastarfs er nauðsynlegur til að **starfsþróun** og mismunandi skólagerðir fái að þróast ásamt því sem að nýjar áherslur í aðalnámskrá tónlistarskóla nái fram að ganga.

Mjög mismunandi er eftir skólum og skólagerðum hvaða leiðir þeir fara til að þjóna þörfum samfélagsins og nemenda sem best og er nýjum áherslum í kjarasamningnum ætlað að styðja við starfsmanna- og skólustefnu á hverjum stað.

Í skólanámskrá skal tilgreina auk kennsludaga skóla, vetrarleyfi sé það tekið, tónleikahald í samræmi við kjarasamning og endurmenntunardaga skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir viðkomandi skólanefnd til staðfestingar og kynnt fræðsluyfirvöldum sveitarfélags.

Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi tónlistarskólans kallar á. Skólastjóri skipuleggur og ber ábyrgð á að störf kennara og millistjórnenda nýtist nemendum í námi þeirra. Skólastjóri ákveður magn kennslu og skipulag hennar (stundatöflu) fyrir hvern kennara og skipuleggur tónleikahald innan þeirra marka sem kjarasamningur gerir ráð fyrir.

Sveitarstjórnir eða stjórn skóla í umboði þeirra ákvarðar heildarkennslutímafjölda tónlistarskóla. Skólastjóri ákveður í samráði við hvern kennara hvernig vinnutíma hans er háttað. Skólastjóri skipuleggur samstarf kennara (vinnuteymi) og ráðstafar tíma til þess.

Skólastjóri er forstöðumaður skóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi skólans í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar, lög og reglugerðir. Hann verkstýrir starfsemi skólans. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Skólastjóri ákvarðar nánar hlutverk og starfsskyldur hans. Deildarstjóri er millistjórnandi, sem fer með mannaforráð, stýrir hluta af skólastarfi, deild eða skólastigi eftir nánari ákvörðun skólastjóra. Heimilt er að aðstoðarskólastjóri gegni auk staðgengilsstarfins starfi deildarstjóra.

### 1.3.2 Viðbótarlaun vegna umfangs starfs, ábyrgðar, álags og færni

Skólastjóri ákvarðar tónlistarskólakennara viðbótarlaun til allt að eins skólaárs í senn vegna sérstaks umfangs starfs, ábyrgðar, álags og persónulegrar færni ef um viðvarandi og stöðuga þætti er að ræða. Skólastjóri hefur sem svarar til 6 launaflokka fyrir hvern kennara í viðkomandi skóla vegna þessa. Þessu fjármagni skal verja að fullu innan skólaárs.

Hér skal m.a. horft til stjórnunarlegrar, faglegrar og fjárhagslegrar ábyrgðar, álags og umfangs starfs, svo sem kennslu stórra nemendahópa, samleiks og kórstjórnar. Við mat á persónulegri færni skal m.a. skoða reynslu, fjölbærni, sérþekkingu og færni til að miðla henni, sjálfstæði, frumkvæði, samstarfs- og samskiptahæfni, áhuga og árangur.

Endurskoðun skal fara fram árlega fyrir upphaf hvers skólaárs og við slíkt endurmat geta kennarar hækkað eða lækkað.

**Skýring: Dæmi um þætti/forsendur sem geta legið til grundvallar á mati skv. ofangreindu ákvæði:**

*Fagreynsla, kennslureynsla, kennslu- og uppeldisfræði, tónlistarstörf, sérþekking og fjölbærni.*

*Sérlega góður árangur í starfi (námsframvinda nemendahópsins, árangur í prófum, á tónleikum, færsla nemenda á milli námsáfanga, þátttaka í samspili, hvernig helst á nemendum, hversu sýnilegur nemendahópurinn er í skólastarfinu o.fl.)*

*Starfsmaður er sveigjanlegur, samstarfsfús, sjálfstæður, áhugasamur, skapandi, býr yfir frumkvæði og færni til að miðla sérþekkingu sinni o.fl.*

*Fagleg, stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð og andlegt og líkamlegt álag, s.s. vegna umsjónar með kennslugögnum og innkaupum (nótur, diskar, hljóðfæri), vegna erfiðra nemenda, nemenda með sérþarfir, kennslu mjög ungra barna eða mjög langt kominna nemenda, vegna kennslu fjölda námsgreina, samstarfs við aðrar stofnanir o.fl.*

Viðbótarlaun má ekki nota í stað yfirvinnugreiðslna vegna vinnu sem innt er af hendi utan dagvinnumarka enda ber að greiða fyrir það með yfirvinnu.

## Viðbótarlaunaflokkar vegna framhaldsmenntunar og símenntunar

Lengd framhaldsnáms	Launaflokkar	Gr. 1.3.3 í kjarasamningi FT um viðbótarlaun vegna framhaldsmenntunar
1 ár	2 lfl.	2 launaflokkar bætast við fyrir hvert námsár að loknu lokaprófi.
2 ár	4 lfl. alls	
3 ár	6 lfl. alls	
4 ár	8 lfl. alls	
5 ár	10 lfl. alls	Hámark 10 lfl. vegna framhaldsnáms.
Símenntun		Gr. 1.3.4 í kjarasamningi FT um viðbótarlaun vegna símenntunar
25 ára	1 lfl.	Viðbótarlaunaflokkar vegna símenntunar miða við lífaldur.
27 ára	2 lfl. alls	
30 ára	3 lfl. alls	
35 ára	4 lfl. alls	
40 ára	5 lfl. alls	
45 ára	6 lfl. alls	Hámark 6 lfl. vegna símenntunar.

### 1.3.3 Viðbótarlaun vegna framhaldsmenntunar

Fyrir hvert fullt námsár eftir lokapróf raðist tónlistarskólakennari IV tveimur launaflokkum ofar en ella fyrir allt að fimm námsár. Með fullu námsári er átt við nám við viðurkenndan tónlistarháskóla sem svarar til 30 eininga náms á háskólastigi og er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Námið skal staðfest af viðkomandi kennslustofnun/kennara.

Hafi tónlistarskólakennari IV lokið mastersprófi eða sambærilegu prófi í faggrein sinni raðast hann fjórum launaflokkum ofar en skv. 1.3.1. Fyrir hvert viðbótarnámsár umfram mastersnám gildir 1. mgr. Hafi hann lokið doktorsprófi í faggrein sinni raðast hann tíu launaflokkum ofar en skv. 1.3.1.

Launabreytingar vegna framhaldsnáms gilda frá næstu mánaðamótum eftir að starfsmaður skilar inn gögnum frá viðkomandi kennslustofnun/kennara til vinnuveitenda er sýni með tilskildum staðfestum gögnum að námi sé lokið.

Þessi grein gefur að hámarki 10 launaflokka.

### 1.3.4 Viðbótarlaun vegna símenntunar

Hver tónlistarskóli skal setja sér í skólanámskrá áætlun um endur- og símenntun tónlistarskólakennara. Námskeið skulu tengjast störfum tónlistarskólakennarans og nýtast honum í starfi. Öll starfsheiti raðast vegna námskeiða/endurmenntunar sem hér segir:

Einn launaflokkur við 25 ára aldur.

Einn launaflokkur við 27 ára aldur.

Einn launaflokkur við 30 ára aldur.

Einn launaflokkur við 35 ára aldur.

Einn launaflokkur við 40 ára aldur.

Einn launaflokkur við 45 ára aldur.

Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka í símenntunaráætlun skóla.

Launabreytingar vegna símenntunar gilda frá næstu mánaðamótum eftir að starfsmaður uppfyllir skilyrði greinarinnar.

#### 2.1.6.2: Skipting vinnutíma

Þeim tíma sem vantar upp á fulla vinnuskyldu skal varið til undirbúnings- og símenntunar að hámarki 150 klst., utan starfstíma skóla.

## 8.1 LAUNALAUST LEYFI

Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi í hæfilegan tíma, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við skólayfirvöld.